



## MINNISBLAÐ

### Fyrirspurn lögð fram í fræðsluráði 16. mars 2022.

#### 8. 2203377 - Hlutfall kennaramenntaðra og leiðbeinenda, Miðflokkurinn fyrirspurn

Lögð fram eftirfarandi fyrirspurn frá fulltrúa Miðflokksins.

Hvert var hlutfall kennaramenntaðra og leiðbeinenda í a. grunnskólum Hafnarfjarðar, flokkað eftir skólum b. leikskólum Hafnarfjarðar flokkað eftir skólum, í desember 2021?

Meirihluti fræðsluráðs vekur athygli á að sambærileg fyrirspurn liggur fyrir hjá mennta- og lýðheilsusviði frá því fyrr í vetur, sem mun skila svörum til fræðsluráðs þegar þær liggja fyrir og mannauðskerfi sem auðveldar upplýsingaöflun sem þessari kemst í notkun. Safnað verður saman upplýsingum er varða kennarafaghlutfall í leik- og grunnskólum, upplýsingum um aðra fagaðila s.s. sálfræðinga, þroskaþjálfara og uppeldis- og menntunarfræði.

#### Úttekt mannauðsdeildar / launadeildar á gögnum:

Grunnskólar	Fjöldi
Annað háskólanám - ófaglærður	66
Faglærður	401
Ófaglærður	23
Samtals:	470

Teknir voru út eftirfarandi hópar í grunnskóla; Skólastjórar, aðstoðarskólastjórar, kennarar, þroskaþjálfarar, námsráðgjafar og leiðbeinendur.

Leikskólar	Fjöldi
Annað háskólanám - ófaglærður	109
Faglærður	149
Ófaglærður	339
Samtals:	597

Teknir voru út allir starfsmenn í leikskóla, fyrir utan starfsmenn í eldhúsi.

Forsendur milli grunnskóla og leikskóla eru ólíkar þegar kemur að því að skilgreina þá sem koma að kennslu, umönnun og uppeldi barna. Ákveðið var að taka ekki út í tölfræðina ófaglærða hópa sem koma ekki beint að kennslu í grunnskólum, s.s. skóla- og frístundaliða og stuðningsfulltrúa. Því er allur samanburður á tölfræði ekki raunhæfur.

Í 14. gr. laga um ráðningar kennara í leik – og grunnskóla kemur fram sérákvæði um leikskóla sem hljóðar svo:

*Að lágmarki 2/3 hlutar stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna í hverjum leikskóla skulu teljast til stöðugilda kennara.*

Skv. þessu ákvæði ber að telja alla starfsmenn í leikskólum inn í tölfræði um faghlutfall sem eru með leikskólakennaramenntun. Sambærilegt ákvæði er ekki að finna um grunnskólanna. Byggt á þessum



# Hafnarfjörður

forsendum var tölfraði tekin út yfir öll stöðugildi innan leikskólanna sem sinna kennslu, umönnun og uppeldi barna.

f.h.

Mannauðeildar og launadeildar 11.4.2022

Ólafur H. Harðarson

Haukur Þór Arnarson